

Mánudaginn 20. mars 1978.

Nr. 49/1977.

Bjarni Helgason
Björn Stefánsson
Hreggviður Jónsson
Jónatan Þórmundsson
Ólafur Ingólfsson
Stefán Skarphéðinsson
Unnar Stefánsson
Þorsteinn Sæmundsson
Þorvaldur Búason
Þór Vilhjálmsson
Ragnar Ingimarsson og
Valdimar J. Magnússon

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Einari Braga Sigurðssyni

(Ingi R. Helgason hrl.).

Ærumeiðingar. Sektarrefsing. Ómerking ummæla. Sýknað af miskabótakröfu. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfégeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. mars 1977 og gert þær dómkröfur:

1. Að ummæli þau, sem stefnt er út af í frumsök og framhaldssök í héraði, verði dæmd dauð og ómerk.
2. Að stefnda verði dæmd hæfileg refsing fyrir ummælin.
3. Að hverjum áfrýjenda verði dæmdar úr hendi stefnda 50.000 krónur í miskabætur fyrir ummælin með 9% ársvöxtum frá 18. janúar 1974 til greiðsludags.
4. Að stefnda verði gert að greiða áfrýjendum sameiginlega 25.000 krónur til að kosta birtingu á dómsorði og forsendum þessa dóms í opinberum blöðum.

5. Að í 1. eða 2. tölublaði Þjóðviljans, er út kemur eftir birtingu dómsins, verði birtar forsendur hans og dómsorð.
6. Að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sam-eiginlega hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda, sem ekki hefur gagnáfrýjað málinu, er krafist staðfestingar á héraðsdómi og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður í Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Ummælin, sem stefnt er út af í frumstefnu í héraði, birtust í 14. tölublaði Þjóðviljans, sem kom út 18. janúar 1974, í grein með fyrirsögninni Votergeitvíxillinn, og í framhaldsstefnu í héraði er stefnt vegna ummæla í grein með fyrirsögninni Fasistatilburðir, er birtust í ótölusettu kosninga-blaði sama blaðs, sem kom út 23. júní sama ár. Báðar greinarnar eru merktar höfundarnafninu Einar Bragi, án föðurnafns, en þannig auðkennir stefndi yfirleitt ritsmíðar sínar, og verður að telja það næga nafngreiningu, til að stefndi beri ábyrgð á efni greinanna samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57 frá 1956.

Hin átöldu ummæli í frumsök eru í héraðsdómi auðkennad með töluliðum 1 og 2 og ummælin í framhaldssök með töluliðum 1 og 2 a—c. Er hér vitnað til þeirra á sama hátt. Fyrirsögnin „Votergeit-víxillinn“, tölul. 1 í frumstefnu, er hnjóðsyrði í garð áfrýjenda, sem vert er að ómerkja, en þykir ekki varða refsingu. Ummælin í tölul. 2 í frumstefnu eru sömuleiðis óviðurkvæmleg að búningi, og ber að ómerkja þau, en eigi verða þau talin refsiverð.

Með fyrirsögn greinarinnar í blaðinu frá 23. júní, tölulið 1 í framhaldsstefnu, ásamt ummælum, merktum þar 2 a og c, eru áfrýjendum gerðar upp ýmsar miður sæmilegar hvatir. Augljós rangtúlkun er það að flokka lögmæta einkamáls-höfðun til réttarofsókna, og með ummælum þessum í heild er þann veg sveigt að æru áfrýjenda, að varðar refsingu samkvæmt 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga. Orðin „riddarar ömurleikans“ í 2. tölul. b varða ekki refsingu, en rétti þykir að ómerkja þau.

Refsing stefnda þykir hæfilega ákveðin 15.000 króna sekt

til ríkissjóðs, og komi 2 daga varðhald í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Enda þótt refsa beri fyrir framangreind ummæli, þykja þau ekki fallin til að valda áfrýjendum þeim miska, sem bótaskyldur sé samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, og er bótakrafa þeirra því eigi tekin til greina.

Samkvæmt 2. málsg. 241. gr. almennra hegningarlaga ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum sameiginlega 20.000 kr. til þess að kosta birtingu dóms þessa í opinberum blöðum.

Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57 frá 1956 ber að birta dómsorð og forsendur dóms þessa í fyrsta eða öðru tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Meðferð máls þessa í héraði varð af völdum stefnda umfangsmeiri og tafsamari en vera þurfti. Með hliðsjón af því þykir málskostnaður, sem stefnda ber að greiða áfrýjendum sameiginlega í héraði og fyrir Hæstarétti, hæfilega ákveðinn 150.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Öll hin átöldu ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Einar Bragi Sigurðsson, greiði 15.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 2 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Stefndi skal vera sýkn af kröfu áfrýjenda um miskabætur.

Stefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 20.000 krónur til að kosta birtingu dómsorðs og forsendna dóms þessa í opinberum blöðum.

Birta skal dóm þenna, dómsorð og forsendur, í 1. eða 2. tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans, sem kemur út eftir birtingu hans.

Stefndi greiði áfrýjendum 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

S é r a t k v æ ð i

Halldórs Þorbjörnssonar yfirsakadómara og Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Við teljum, að þar sem stefndi er sekur fundinn um refs-
verðar ærumeiðingar í garð áfrýjenda, beri að taka til greina
kröfu þeirra um miskabætur úr hendi stefnda, en erum sam-
mála atkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti.

Þar sem eigi er meiri hluti fyrir þeirri niðurstöðu að dæma
miskabætur, verður fjárhæð bóta ekki ákveðin.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. desember 1976.

1.0.

Mál þetta, sem er meiðyrðamál, var höfðað með stefnu, birtri
20. júní 1974. Stefnendur eru Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur,
Undralandi 2, Björn Stefánsson skrifstofustjóri, Grænuhlíð 13,
Hreggviður Jónsson, Nesvegi 82, Jónatan Þórmundsson prófessor,
Bræðraborgarstíg 15, Ólafur Ingólfsson, BA, Öldugötu 5, Stefán
Skarphéðinsson framkvæmdastjóri, Álfheimum 44, Unnar Stef-
ánsson viðskiptafræðingur, Háaleitisbraut 45, Þorsteinn Sæ-
mundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Þorvaldur Búason
eðlisfræðingur, Geitastekk 5, Þór Vilhjálmsson hæstaréttardóm-
ari, Stigahlíð 73, allir í Reykjavík, og Ragnar Ingimarsson pró-
fessor, Mávanesi 22, og Valdimar J. Magnússon framkvæmda-
stjóri, Garðafliót 31, báðir í Garðahreppi. Stefndi er Einar Bragi
Sigurðsson, Bjarnarstíg 4 í Reykjavík.

Tilfni málshöfðunarinnar eru ummæli, sem birtust í grein á
bls. 6 í 14. tbl. dagblaðsins „Þjóðviljans“, er út kom 18. janúar
1974. Grein þessi ber fyrisögnina „Votergeit-víxillinn“. Stefndi
er nafngreindur sem höfundur greinarinnar. Þann 23. júní 1974
birtist á 6. bls. dagblaðsins „Þjóðviljans“ grein eftir stefnda með
ummælunum, sem stefnendur telja ærumeiðandi fyrir sig. Höfð-
uðu þeir framhaldssök út af grein þessari með stefnu, birtri 12.
desember 1974.

2.0.

Um miðjan janúarmánuð 1974 efndu nokkrir menn til sam-
vinnu undir kjörorðinu „VARIÐ LAND“. Áttu þarna hlut að

allir stefnendur máls þessa auk lögmanna Harðar Einarssonar hæstaréttarlögmanns og Óttars Yngvasonar hæstaréttarlögmanns. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn „varnarsamnings milli Lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafsamningsins“ frá 5. maí 1951 og brottvísun herliðs Bandaríkjanna af Íslandi. Var öllum íslenskum þegnum, er náð höfðu tvítugs aldri 1. mars 1974, boðið að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu:

„Við undirrituð skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins.“

Stefnendur unnu síðan að því að fá menn til að undirrita þessa yfirlýsingu, og voru undirskriftalistarnir afhentir forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis að undirskriftasöfnuninni lokinni í síðari hluta marsmánaðar 1974.

Stefnendur telja, að eftirgreind orð og ummæli í grein stefnda í 14. tbl. dagblaðsins „Þjóðviljans“, er út kom 18. janúar 1974 og birtust á bls. 6, séu ærumeiðandi fyrir sig:

1. Fyrirsögn greinarinnar: „*Votergeit-víxillinn*“.
2. Eftirfarandi ummæli í greininni: „*Upp er risinn hópur hugprúðra dáta, sem grátbiðja þjóðina að hefja minningaár ellefu alda búsetu í landinu á því að undirrita beiðni um erlenda her-setu á Íslandi*“

Stefnendur telja fyrirsögn greinarinnar og ummælin, sem tilfærð eru, varða við 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

3.1.

- Stefnendur gera eftirfarandi dómkröfur í frumsök:
- að fyrirsögn greinarinnar og ummælin, sem stefnt er út af, verði dæmd dauð og ómerk.
 - að stefndi verði dæmdur í þingstu refsingu, sem á getur reynt samkvæmt 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940 fyrir birtingu umstefndrar fyrirsagnar og ummæla.
 - að stefndi verði dæmdur til að greiða hverjum stefnenda fyrir sig kr. 50.000 í miskabætur skv. 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 með 9% ársvöxtum frá 18. janúar 1974 til greiðsludags.
 - að stefndi verði dæmdur samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 til að greiða stefnendum sameiginlega kr. 25.000 í kostnað

við að birta forsendur og dómsorð væntanlegs dóms í opinberum blöðum.

að stefndi verði dæmdur samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 til að sjá um, að birt verði forsendur og dómsorð væntanlegs dóms í máli þessu í fyrsta eða öðru tölublaði dagblaðsins „Þjóðviljans“, er út kemur eftir birtingu dómsins.

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega hæfilegan málskostnað að mati dómara.

Í frumsök var þess upphaflega krafist aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, en þeirri kröfu var hrundið með úrskurði 22. júní 1976.

Stefndi krefst sýknu í frumsök og enn fremur:

að stefnendur verði dæmdir til að greiða honum hæfilegan málskostnað.

að stefnendur verði dæmdir til að greiða einn fyrir alla og allir fyrir einn 10 aura í táknelga sekt til ríkissjóðs í smánarskyni fyrir ósæmilega aðför að tjáningarfrelsi manna og ástæðulausa málsýfingu.

að stefnendur verði dæmdir til að greiða stefnda hæfilegar bætur fyrir röskun á vinnufriði með tilefnislausu málaprasi.

3.2.

Í framhaldssök er þess krafist af hálfu stefnenda, að eftirtalin ummæli í grein, sem birtist í Þjóðviljanum 23. júní 1974, ásamt fyrrisögn greinarinnar verði dæmd dauð og ómerk.

1. Fyrrisögnin „Fasistatilburðir“.

2. Eftirfarandi ummæli:

a) „ Þar sem slík dusilmenni hafa komist í valdaaðstöðu, hefur andlegt frelsi verið kæft, menn dregnir fyrir dómstóla og dæmdir til tugthúsvistar, innilokunar á geðveikrahælum, útlegðar eða stórra fjárútláta í þeim tilgangi að hræða aðra frá að notfæra sér það tjáningarfrelsi, sem hverjum ber að guðs og manna lögum.“

b) „ riddurum ömurleikans“

c) „ ósvífnustu árás á tjáningarfrelsi landsmanna, sem ég þekki dæmi um. Fyrir þeim kumpánum vakir að kveða niður málefnalega umræðu um heitasta deilumál, sem uppi hefur verið með þjóðinni í þriðjung aldar“

Stefnendur krefjast þess, að stefndi verði dæmdur til að sjá um, að birt verði forsendur og dómsorð væntanlegs dóms í máli þessu í 1. eða 2. tbl. dagblaðsins Þjóðviljans, er út kemur eftir birtingu

dómsins, og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sam-eiginlega hæfilegan málskostnað í framhaldssök að mati dómara og að stefndi verði dæmdur til þyngstu refsingar, sem á getur reynt samkvæmt 234., 235. og 236. gr. laga nr. 19/1940.

Af stefnda hálfu er þess krafist, að stefndi verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda og að stefnendum verði gert að greiða honum hæfilegan málskostnað.

4.0.

ÁLIT DÓMSINS.

4.1. Almennt:

4.1.1.

Að íslenskum lögum er meginregla, að menn eigi rétt á að tjá hug sinn fyrir öðrum, jafnt í einkalífi sem opinberlega og með hvaða tjáningarhætti, sem vera skal.

Í opinberum umræðum um stjórnarmálefni er þessi meginregla sérlega mikilvæg vegna þeirra lýðræðislegu stjórnarhátta, sem stjórnskipunarreglur miðast við.

Þetta sjónarmið kemur meðal annars fram í ákvæði 2. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem svo er mælt fyrir, að enginn alþingismaður verði krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi, sbr. og 1. mgr.

Um rittfrelsi er sérstaklega fjallað í 72. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem svo er kveðið á, að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, en verði þó að ábyrgjast þær fyrir dómi.

Meiðyrðalöggjöfin felur í sér takmarkanir á grundvallarreglunni um tjáningarfrelsi. Þessar takmarkanir byggjast almennt á því viðhorfi, að hagsmunir tengdir æru manna geti verið svo ríkir, að þeir almannahagsmunir, sem við tjáningarfrelsið eru bundnir, hljóti að víkja.

Á hinn bóginn er almennt viðurkennt, að árásir á æruna, sem væru ólögmætar eftir almennum reglum, geti verið lögmætar, ef ríkir hagsmunir liggja til grundvallar þeim árásum.

Meðal þeirra hagsmuna, sem þannig kunna að verða metnir meir en hagsmunir æruverndar, eru hagsmunir samfélagsins af því, að umræður um opinber málefni geti farið fram í þeim mæli, sem hinar lýðræðislegu og þingræðislegu grundvallarreglur krefjast. Meðal annars er nauðsynlegt, að menn geti gagnrýnt pólitíska andstæðinga, athafnir þeirra og skoðanir að vissu marki. Ekki eru menn sammála um, hversu langt eigi að ganga í þessu efni

almennt, en hér verða dómstólar að skera úr eftir málavöxtum hverju sinni. Við þetta mat verður m. a. að gæta þess, að í opinberum umræðum verði ekki settar of þröngar skorður eða hlutverki fjölmiðla að því er varðar upplýsingastarfsemi og gagnrýni. Þá verður að hafa í huga eðli umræðunnar og tjáningarvenjur og gæta þess, að ef ummæli eiga að teljast ósáknæm, verða menn almennt að virða almennar velsæmiskröfur og tjá sig málefnalega.

Hafa ber í huga, að stjórnmalabaráttu í lýðræðisþjóðfélagi verður ekki rekin með málefnalegum rökum einum, og verða dómstólar að gæta þess að ganga ekki of langt í að þrengja að athafnafrelsi þeirra aðilja, sem þessa baráttu heyja.

4.1.2.

Frumrætur þeirra deilna og átaka, sem orðið hafa um dvöl erlendra herja í landinu, má rekja til hernámsins 1940 og komu bandaríks herliðs til landsins 1941. Upphaflega byggðist herasetan í landinu á valdbeitingu Bretu, en síðan á samningum Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, fyrst hervarnarsamningnum 1941 og síðan Keflavíkursamningnum 1946 og loks Norður-Atlantshafssamningnum 1949 og varnarsamningnum 1951.

Erlent herlið hefur nú dvalið í landinu síðan 1940 að undanskildum árunum 1947—1951, þegar bandarískt einkafyrirtæki annaðist þá starfsemi á Keflavíkurflugvelli, sem Bandaríkjamenn töldu sér nauðsynlega af hernaðarástæðum.

Segja má, að þjóðareining hafi ríkt í afstöðunni til hernáms Bretu, til þeirra skilyrða fyrir hersetu Bandaríkjamanna 1941, að þeir yrðu á brott með her sinn að stríði loknu, og til umleitunar Bandaríkjamanna um herstöðvar til 99 ára 1945. Hins vegar leiddi samþykkt Keflavíkursamningsins 1946 til harðra deilna og stjórnsrslita. Sjálfstæðisflokkurinn stóð óskiptur að samþykktinni, en Sósíalistaflokkurinn stóð óskiptur á móti og raut stjórnsamstarfið við Alþýðuflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn. Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn klofnuðu í afstöðu til málsins.

Innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið 1949 leiddi til einhverra alvarlegustu átaka, sem orðið hafa í landinu, og afstaða stjórnmalaflokka varð með líkum hætti og 1946. Hins vegar stóðu þingflokkar Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins óklofnir að varnarsamningnum 1951, en fljótlega kom í ljós, að andstöðu við samninginn gætti víðar en í Sósíalistaflokki. Má segja, að þessi samningur hafi verið eitt aðalátakamálið í íslenskum stjórnmálum síðan.

Árið 1956 var samþykkt tillaga Alþýðuflokksmanna á Alþingi um, að varnarsamningurinn frá 1951 yrði endurskoðaður með það fyrir augum, að herlið Bandaríkjamanna færi af landinu, en að Íslendingar tækju að sér gæslu og viðhald hernaðarmannvirkja. Að samþykkt þessari stóðu allir þingmenn aðrir en þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Hún var svo eitt af stefnumálum ríkisstjórnar Framsóknarflokksins, Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins, sem mynduð var 1956. Svo fór þó, að fallið var frá því að koma þessu stefnumáli í framkvæmd.

Árið 1971 varð það síðan eitt af stefnumálum ríkisstjórnar Framsóknarflokksins, Alþýðubandalagsins og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, að herliðið færi úr landi í áföngum. Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn voru andvígir þessari stefnu.

Bandaríkjamenn telja sér aðstöðuna á Keflavíkurflugvelli mjög mikilvæga, einkum vegna umsvifa sovéska flotans á Norður-Atlantshafi. Önnur ríki Atlantshafsbandalagsins munu og telja aðstöðuna mikilvæga öryggishagsmunum sínum.

Afstaða til hersetunnar hefur haft veruleg áhrif á flokkaskipun, en einnig leitt til deilna og klofninga innan stjórnmalaflokka. Hugmyndir manna um þjóðerni, ættjörð, sjálfstæði og fullveldi hafa blandast í þetta mál. Efnalegir hagsmunir hafa haft sitt að segja um afstöðu. Afstaða til andstæðra stórvelda og mismunandi grundvallarviðhorf í stjórnarfars- og hagskipunarmálum hafa mótað afstöðu margra. Sterkar tilfinningar andúðar eða samkenndar hafa mótað umræður um þessi mál.

4.1.3.

Af því, sem að framan er rakið, má vera ljóst, að undirskriftasöfnun stefnenda var þátttaka í stjórnmalastarfsemi, sem varðaði mikilvæg mál á sviði utanríkismála og alþjóðastjórn mála, sem djúpstæður pólitískur ágreiningur ríkir um hér innanlands. Þau viðhorf, sem hafa verið rakin hér að framan um málfrelsi á sviði stjórn mála, eiga því við andóf gegn undirskriftasöfnun stefnenda og gagnrýni á hana.

Umræður um herstöðvamálin hafa oft verið óvægnar og stóryrtar og einkennst af tilfinningahita. Þegar hin umstefndu ummæli eru virt í þessu ljósi, má segja um þau almennt, að þau verða engan veginn talin með því stóryrtasta eða illyrtasta, sem fram hefur komið í þessum umræðum. Á þetta einkum við ummælin, sem stefnt er út af í frumsök. Varðandi ummælin í framhaldssök

ber að hafa í huga, að þau eru viðhöfð í tilefni af málshöfðun stefnenda á hendur stefnda. Ber að hafa í huga, að þótt mönnum hafi haldist uppi órefsað að viðhafa fjölmæli á þessu sviði, vegna þess að andstæðingarnir hafa látið undir höfuð leggjast að leita réttar síns, er ekki þar með sagt, að myndast hafi venjur um tals-hætti, sem breyti mati á mörkum málfrelsis og æruverndar.

Á hinn bóginn virðist mega taka nokkurt tillit til þess, að stefnendur, sem sumir hverjir höfðu áður tekið þátt í stjórnmalastarfsemi, og meðal annars látið hersetumálin til sín taka, máttu búast við gagnarásum af hálfu andstæðinga sinna, enda setti undirskriftasöfnunin þá í sviðsljós opinberra stjórnmálaátaka.

4.2. HUGLÆG AFSTAÐA STEFNDA.

Stefndi kveðst vera friðarsinni og líta á hermennsku sem lægsta stig þrældóms. Hann kveðst því hafa verið andstæður erlendri hersetu allt frá árinu 1940. Hann kveðst jafnvel hafa talið það fyrir neðan virðingu sína að fara í vinnu í þágu herliðsins. Hann segist hafa verið staddur á Þingvöllum 17. júní 1944 og kveður þá atburði, sem þar gerðust, hafa markað sig. Hann kveðst strax í upphafi hafa verið hatrammur andstæðingur „ágengni ameríska stórveldisins“ og barist gegn henni eftir mætti undanfarin 30 ár. Hann segist hafa ritað fleiri greinar um það efni en hann fái tölu á komið. Hann kveðst hafa setið á þingpöllum 29. mars og árdegis 30. mars 1949 og verið á Austurvelli, þegar átökin urðu hörðust þar síðdegis þennan dag.

Hann kveðst hafa fyllst mikilli andstyggð á þeim mönnum, sem mæltu með inngöngu í Atlantshafsbandalagið, við að hlusta á málflutning þeirra og fylgjast með athöfnum þeirra þessa daga. Hann kveðst alla tíð síðan hafa verið andstæðingur aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Hann kveðst hafa verið meðal þeirra, sem skipulögðu fyrstu Keflavíkurgönguna til að mótmæla hersetunni, og virkur þátttakandi í Samtökum hernámsandstæðinga frá upphafi.

Af þessum sökum kveður mætti (sic) engan þurfa að undra, þótt undirskriftasöfnun stefnenda og félaga þeirra kæmi ekki sérlega vel við sig og að honum fyndist sér skylt að rísa upp til andmæla. Það kveðst hann hafa gert með grein þeirri, sem stefnt er út af í frumsök.

Stefndi kveður það sannfæringu sína, að erlend herseta skerði sjálfstæði þjóðarinnar, skemmi menningu hennar og sé sjálfsvirðingu hennar ósamboðin. Hann kveður greinina skrifaða að

gefnu tilefni gegn málstað, sem hann telji rangan og þjóðhættulegan.

Stefndi ber refsí- og fébótaábyrgð á efni greinanna, sem hin umstefndu ummæli eru í, skv. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt.

4.3. EINSTÖK UMMÆLI.

Verður nú tekin afstaða til einstakra ummæla og krafna, sem gerðar eru vegna þeirra.

I. Frumsök.

Stefnendur telja fyrirsögn greinarinnar og tilgreind ummæli í henni óviðurkvæmileg, beri því að ómerkja hvort tveggja skv. 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefnendur telja, að með því að tengja undirskriftasöfnun þeirra við heimspekkt hneykslismál með skírskotun í fyrirsögn sé leitast við að gera hana og forgöngumenn hennar tortryggilega í augum almennings, varpa rýrð á málefnið og aðstandendur þess.

Af hálfu stefnenda er orðið „grátbiðja“ talið merkja „falast eftir á niðurlægjandi hátt“.

Þá telja stefnendur ummælin í greininni, sem stefnt er út af, mjög niðrandi fyrir sig og að þau rangtúlki mjög tilgang þeirra með því að beita sér fyrir undirskriftasöfnuninni.

Telja stefnendur fyrirsögn greinarinnar og tilgreind ummæli hennar varða við 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga.

Stefnendur telja, að skrif stefnda séu mjög fallin til að valda þeim miska. Fyrir því telja þeir ástæður til að dæma ríflegar miskabætur.

Af stefnda hálfu er lögð áhersla á, að með ummælum hans sé ekki sveigt einu orði að nokkrum manni, nafngreindum eða ónafngreindum, heldur rætt um undirskriftasöfnun. Stefndi telur, að stefnendur séu haldnir æruofnæmi og að málshöfðun þeirra megi rekja til þess.

Stefndi hefur ekki viljað viðurkenna beinlínis, að með orðunum „Votergeit-víxillinn“ sé verið að bendla stefnendum við Watergate-málið í Bandaríkjunum, en hann kveðst þó vekja athygli á því, að þetta illræmda mál hafi einmitt verið á döfinni um þær mundir sem greinin var skrifuð og að böndin hefðu borist að æðstu stjórnvöldum Bandaríkjanna um, að þau væru mjög við það mál riðin, hefðu skipulagt það eða þá að það hefði að

minnsta kosti verið skipulagt með þeirra vitund. Síðan kveður hann það svo hafa sannast, að forseti Bandaríkjanna hafi orðið að hrökklast frá völdum. Stefndi vekur athygli á, að þrátt fyrir þetta hafi stefnendum og félögum þeirra ekki hrosið hugur við að fara þess á leit, að Ísland yrði áfram hersetið af bandarísku herliði, sem náttúrlega lyti stjórn og vilja þeirra manna, sem mesta ábyrgð báru á Watergate-hneykslinu. Hann kveður þá því ekki hafa haft ástæðu til að undrast, þótt undirskriftalistinn væri kallaður „Votergeit-víxillinn“.

Dómarinn lítur svo á, að verulegur munur sé á, að því er varðar refsinnæmi verknaðar, hvort ummæli séu höfð um stefnendur sjálfa eða undirskriftaskjölin, sem þeir senda frá sér. Dómarinn lítur á orðið „Votergeit-víxillinn“ sem skammarheiti á skjölum þessum, sem ekki snerti æru stefnenda á þann hátt, að refska beri stefnda, sbr. einnig það, sem segir um mörk málfrelsis og æruverndar hér að framan. Hins vegar þykir orð þetta óviðurkvæmilegt, og ber að ómerkja það, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn skilur þau ummæli í greininni, sem stefnt er út af, þannig, að átt sé við, að komið hafi fram á sjónarsviðið hópur manna, sem ætli á 1100 ára afmæli þjóðarinnar að biðja Íslendinga að undirrita kröfu um, að erlendur her sitji áfram í landinu.

Dómarinn hlýtur að fallast á það með stefnda, að ummælin svo skilin séu sönn, og verða þau því ekki ómerkt í heild. Hins vegar þykja orðin „hópur hugprúðra dáta“ og „grátbiðja“ óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja þau.

Á hinn bóginn þykja þessi ummæli svo meinlaus, að ekki sé ástæða til að refska fyrir þau, sbr. það, sem segir að framan um mörk æruverndar og málfrelsis.

Þar sem ummæli stefnda hafa samkvæmt því, sem að framan er rakið, ekki verið talin refsiverð, ber skv. 264. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 að synja kröfu stefnenda um miskabætur.

Af sömu ástæðu ber að hafna kröfu um fjárgreiðslu til að standast kostnað af birtingu dóms skv. 2. mgr. 241. gr. sömu laga.

II. Framhaldssök.

Stefnendur telja, að fyrirsögnin „Fasistatilburðir“ eigi við málsökun þeirra í frumsök, með henni sé verið að líkja eðlilegum viðbrögðum þeirra að leita réttar síns fyrir dómstólum við aðgerðir einhverra ógeðfelldustu einræðisafla, er veraldarsagan kann frá að greina. Telja þeir, að í fyrirsögn þessari felist móðgun skv. 234. gr. laga nr. 19/1940 og aðdróttun skv. 235. gr. sömu laga og

að hún varði einnig við 236. gr. laganna, þar sem aðdróttunin sé birt opinberlega og gegn betri vitund.

Stefnendur telja orðið „dusilmenni“ feli í sér móðgun, sbr. 234. gr. laga nr. 19/1940. Að öðru leyti telja stefnendur ummæli auðkennd 2 a hér að framan feli í sér gífuryrtar móðganir og aðdróttanir, er hnígi að hinu sama, sem vikið sé að í fyrirsögninni. Telja stefnendur ummælin í heild refsiverð skv. 235. og 236. gr., en til vara skv. 234. gr. laga nr. 19/1940.

Ummæli í lið 2 b telja stefnendur varða við 234. gr. laga nr. 19/1940. Ummælin í lið 2 c telja stefnendur mjög ærumeiðandi fyrir sig og borin fram gersamlega að ófyrirsynju og gegn betri vitund. Telja þeir ummælin í heild varða við 234., 235. og 236. gr. laga nr. 19/1940.

Stefnendur gera kröfu til, að tekið verði fullt tillit til þeirra ummæla, sem eru tilefni framhaldssakar, þegar ákveðnar verði miskabætur og kostnaður við birtingu dóms samkvæmt kröfugerð þeirra í frumsök. Verði eigi dæmdar miskabætur eða birt-ingarkostnaður í frumsök, er þess krafist, að þeir kröfubættir í frumsök verði teknir til greina sem sjálfstæðir kröfubættir í framhaldssök.

Stefndi hefur gengist við því, að orðið „Fasistatilburðir“ lúti að málssóknum stefnenda.

Stefndi virðist telja, að upphafleg málssókn stefnenda á hendur honum sé árás á tjáningarfrelsi hans og almennt til þess fallin að fæla menn frá að láta í ljós skoðanir andstæðar stefnendum.

Þann 24. júní 1974 skrifaði stefndi Rithöfundasambandi Íslands og fór þess á leit, að stjórn þess tilnefndi 12 rithöfunda í nefnd, sem falið væri að leggja mat á, „hvort kærumál og fjárheimtur af þessu tagi séu árás á tjáningarfrelsi manna eða ekki“.

Orðið var við þessum tilmælum.

Í álitsgerð rithöfundanna segir svo í niðurlagi:

„Kærumál og fjárheimtur af þessu tagi eru árás á tjáningarfrelsi manna og stefna að þesskonar tálmunum fyrir prentfrelsi, sem stjórnarskráin kveður svo skýrt á að aldrei megi í lög leiða.“

Í yfirlýsingu 152 þekktra Íslendinga er lýst furðu yfir málssóknum stefnenda.

Aðrir 11 þekktrir menn undirrituðu yfirlýsingu, þar sem forðæmt er það hugarfar gagnvart skoðana- og málfrelsi, „sem birtist í fjöldastefnum forystumanna „Varins lands“ á hendur gagnrýnendum sínum, þar sem krafist er fangelsisdóma og þungra fjársekta í stað skoðanaskipta og málefnalegrar rökræðu.“

Í svari norska rithöfundasambandsins (Den norske forfatterförbund) við skeyti stefnenda (sic) segir svo meðal annars í þýðingu, sem birtist í Þjóðviljanum 26. júní 1974:

„Við fáum ekki séð að líta beri svo þröngt á ramma stjórn mála- umræðu að það sem Einar Bragi og Sigurður A. Magnússon hafi skrifað sé refsivert. Ef hlutlægt er litið á málið er það ekki þess eðlis. Við eigum einnig bágð með að trúa að nokkur maður sem tekur virkan þátt í stjórn málum geti tekið nærri sér ummæli téðra rithöfunda.

Með svari þessu við símskeyti yðar viljum við eingöngu tjá furðu okkar yfir því að þessar greinar skuli hafa orðið ástæða dómsmáls, og viljum við leggja áherslu á að við erum mjög á varðbergi gagnvart sérhverri tilraun til þess að reynt sé með málaferlum sem slíkum að stöðva stjórn málalega umræðu andstæðinga. Við erum þeirrar skoðunar að allar lýðræðislegar stjórn málaumræður bíði tjón af því ef leitað er dómstóla, til þess að skera úr um orðaval og tónfall. Sérhver sakfelling í slíku máli felur í sér skerðingu á skoðanaskiptum og eykur þögnina.“

Auk framangreindra aðilja hafa loks ýmsir þekktir menn látið í ljós þá skoðun á opinberum vettvangi, að málssóknir stefnenda feli í sér árás á tjáningarfrelsið.

Af framangreindu er ljóst, að stefndi er enganveginn einn um þá skoðun, að málssókn stefnenda í frumsök sé árás á tjáningarfrelsið. Þegar haft er í huga það, sem sagt er um sakarefni frum-sakarinnar hér að framan, verður skiljanlegt, að stefnda hafi þótt næsta lítið tilefni til málssóknarinnar og sérstaklega til hinna ströngu krafna. Verður því að telja, að hann hafi haft skiljanlega ástæðu til ritunar greinarinnar, sem stefnt er út af í framhalds-sök.

Dómarinn er hins vegar á þeirri skoðun, að ekkert ámælisvert felist í málshöfðun stefnenda og að tjáningarfrelsi sé engin hætta búin, þótt menn beri mál sín undir dómstóla, ef þeir telja, að brotið sé gegn ærurétti þeirra.

Með því að kalla málssóknir stefnenda fasistatilburði hefur stefndi líkt athöfnum stefnenda við framferði stjórn málaafla, sem eru andsnúin grundvallarstefnu allra íslenskra stjórn mála-flokka og, að því er ætla verður, andstæð grundvallarhugmyndum þorra Íslendinga um þjóðfélagsskipan.

EKKI hefur annað komið fram en að stefnendur séu einlægir lýðræðissinnar, og verður því að telja meiðandi fyrir þá að vera bendlaðir við fasisma.

Í ummælum, sem auðkennd eru undir lið 2 a í framhaldsstefnu, er stefnendum líkt við menn, sem hafa, eftir að þeir hafa komist til valda, kæft andlegt frelsi með ýmsum ráðum, sem eru mjög andstæð þeim grundvallarhugmyndum um frelsi og mannhelgi, sem hér eru ráðandi. Verður af sömu ástæðum og varðandi fyrir-sögnina að telja þessi ummæli meiðandi fyrir stefnendur.

Orðið dusilmenni ber að meta sem móðgun. En að öðru leyti ber að meta fyrirsögnina og greind ummæli sem aðdróttun. Öll þykja ummæli þessi óviðurkvæmleg, og ber að ómerkja þau skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Orðin „riddarar ömurleikans“ þykja óviðurkvæmleg, og ber að ómerkja þau, en ekki þykja þau fela í sér slíka móðgun, að efni sé til að refsa fyrir þau.

Í ummælunum, sem auðkennd eru 2 c, felst skoðun, sem verður að telja, að eðlilegt sé, að komi fram í þeim umræðum, sem fram hafa farið um undirskriftasöfnun og málssóknir stefnenda. Búningur ummælanna er að vísu á mörkum þess að geta talist hæfilegur í þjóðmálaumræðu, en með hliðsjón af þeim sjónarmiðum varðandi mörk málfrelsis og æruverndar, sem rakin eru hér að framan, þykir ekki fært að refsa fyrir þessi ummæli, og af sömu ástæðum verða þau ekki ómerkt.

Hin refsiverðu ummæli þykja varða við 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar þykir skv. 70. gr. laga nr. 19/1940 bera að hafa hliðsjón af því, hvað stefnda gekk til eftir því sem fram er komið hér að framan. Þykir refsingin hæfilega ákveðin kr. 15.000 sekt í ríkissjóð. Vararefsing ákveðst 5 daga varðhald.

Ekki þykir, eins og á stendur, efni til að neyta heimildar 264. gr. laga nr. 19/1940 til að dæma stefnendum miskabætur eða heimildar 2. mgr. 241. gr. sömu laga til að dæma stefnendum fjárhæð til að standast kostnað af birtingu dóms.

Stefndi heldur því fram, að ekki sé hægt að fallast á kröfu um birtingu forsendna og dómsorðs í Þjóðviljanum, þar sem ekki sé réttum aðilja stefnt til að þola dóm um þá kröfu.

Dómarinn telur, að 22. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt feli í sér, að ekki sé þörf á að stefna útgefanda eða ritstjóra til að dæmt verði um kröfu um dómsbirtingu. Samkvæmt þessu ber að fallast á kröfu stefnenda um, að stefndi verði dæmdur til að sjá um, að forsendur og dómsorð þessa dóms verði birt í fyrsta eða öðru tölu-blaði Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Með hliðsjón af 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir hæfilegt, að stefndi greiði stefnendum kr. 25.000 í málskostnað.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Einar Bragi Sigurðsson, greiði kr. 15.000 í sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi í 5 daga, verði sektin ekki greidd innan aðfararfrests.

Stefnda, Einari Braga Sigurðssyni, er skylt að sjá um, að dómsorð og forsendur dóms verði birt í fyrsta eða öðru tölu- blaði Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Stefndi, Einar Bragi Sigurðsson, greiði stefnendum kr. 25.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirt- ingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 30. mars 1978.

Nr. 60/1978. **Ákærvaldið**

gegn

Ragnari Vestfjörð Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 25. þ. m., er barst Hæstarétti 28. s. m. Krefst varnar- aðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.